

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Snorra Jónssonar, um styrk til að nema dýralæknisfræði.

1865.

5. ágúst.

Eptir að dómsmálastjórnin hafði ritað amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu útaf bænarskrá þeirri, er þér senduð hingað 12. febrúarmán. þ. á., um styrk til að nema dýralæknisfræði við dýralækninga- og landbúnaðarháskólann hér í bænum, hefir embættismaður þessi skýrt oss frá, að hann 11. febrúarmán. þ. á. hafi heitið Jóni Þorvarðarsyni, föður yðar, 100 ríkisdala styrk úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins í þessu skyni, og þarðauki látið í ljósi, að hann megi eiga von á sama styrk framvegis, ef kringumstæðurnar leyfa.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, og skal því við bætt, að í dag hefir verið hlutazt til um, að þeir 100 ríkisdalir, sem að ofan er um getið, verði borgaðir yður úr aðalfjárhirzlu ríkisins.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjafsókn í máli.

7. ágúst.

Prestarnir á Grenjadarstað, Múla og Helgastöðum í Þingeyjar sýslu hafa í bænarskrá, er hingað hefir borizt beina leið, borið sig upp undan því, að þér, herra amtmaður, hafði synjað þeim um gjafsókn í máli, er þeir ætla að höfða vegna prestakalla sinna á móti eiganda jarðarinnar Laxamýrar, útaf aðferð þeirri, er hann hefir við laxveiðina í Laxá. Um sama leyti hefir oss einnig borizt álitsskjal yðar um bænarskrá þessa, og er það dagsett 26. maímán. f. á.

Stjórnarráðið hefir síðan skorað á stiptsýfirvöldin á Íslandi að segja álit sitt um mál þetta, og fylgir eptirrit af álitsskjali þeirra með bréfi þessu, og með því að dómsmálastjórninni finnst vera ástæða til að veita beiðendunum gjafsókn þá, er þeir hafa sókt um, eruð þér, herra amtmaður, beðnir um að gefa þeim leyfisbréf það, er hafa þarf í þessu skyni.